

SKILMÁLAR RAFRÆNNA GJAFAKORTA

1. Um gjafakort Haga

Gjafakortið er fyrirframgreitt rafrænt greiðslukort. Gjafakortið gildir til greiðslu á vörum og þjónustu hjá dótturfélögum Haga hf., kt. 670203-2120, vsk.nr. 78874 (sjá nánar hér: <https://www.hagar.is/fyrirtaekin/>). Gjafakortið er eign Haga hf. og eru kortin gefin út í samstarfi við Landsbankann hf.

Gjafakortið er hægt að kaupa á skrifstofu Haga hf., Hagasmára 1 (Smáralind) í Kópavogi, s. 530-5500 eða á gjafakort@hagar.is.

Gjafakortið er handhafakort og er handhafi einn ábyrgur fyrir kortinu. Varðveitið kortið því glatað kort er glatað fé.

2. Upphæðir og áfylling korta

Upphæð á gjafakorti er val kaupanda hverju sinni. Lágmarksupphæð er kr. 5.000,- og hámarksupphæð er kr. 200.000,-. Hægt er að kaupa áfyllingu á gjafakort sem búið er að nota.

3. Vöruskil og endurgreiðsla

Gjafakorti er ekki hægt að skila. Inneign kortsins er ekki hægt að leysa út fyrir reiðufé.

4. Gildistími og kortastaða

Gildistími kortsins er fjögur ár frá útgáfudegi. Upplýsingar um kortastöðu má finna á www.hagar.is/gjafakort og á vef Landsbankans með skönnun á QR kóða kortsins.

5. Persónuvernd

Hagar biðja aðeins um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að geta selt viðskiptavinum gjafakortið. Öll meðferð persónuupplýsinga af hálfu Haga er í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Persónuverndarstefnu Haga má finna [hér](#).

6. Samþykki skilmála

Með fyrstu notkun á gjafakorti Haga hf. samþykkir handhafi skilmála þessa.